

Friðrik Friðriksson

Hjallabrekka 36
200 Kópavogur

Kópavogi, 9. desember 2011
1111043/210.09 SH

Efni: Svarbréf vegna fyrirspurna Samleiks um stöðu næringar barna, matseðla og hreyfingar í leikskólum Kópavogs.

Leikskólaneftnd fjallaði um erindið þann 8. Nóvember sl. og vísaði erindinu til leikskólaneftndar sem svari formanni Samleiks.

Eftirfarandi spurningar voru sendar í alla leikskóla Kópavogs. Svör bárust frá flestum þeirra.

Hér fyrir neðan er samantekt á svörum leikskólanna. Svör þeirra voru mjög samhljóða einkum varðandi 1. spurningu. Ljóst er af svörum við 2. spurningu að mikil áhersla er lögð á útiveru barnanna þó fyrirkomulag sé mismunandi. Það sama á við um hreyfingu barnanna, enda hreyfing mikilvægur þáttur skv. námskrám.

1. Er lögð áhersla á að kaupa inn hollan mat í stað unnninha og langfrystra matvæla ?

Lögð er rík áhersla á hollan, ferskan og næringaríkan mat í leikskólum Kópavogs. Viðmiðunarmatseðill leikskóla er hafður til hliðsjónar þar sem gætt er jafnvægis á milli fisk – og kjötmálíða og pasta og grænmetisréttu. Það heyrir frekar til undantekninga að unnar matvörur séu keyptar inn, pylsur 2 – 3 á ári. Kjötbollur eru úr hakki og fiskibollur koma beint frá fisksalanum. Bodíð er daglega upp á ávexti og grænmeti. Viðast er það brauð sem boðið er upp með máltíðum bakað á staðnum.

2. Hvernig er staðið að útivist barnanna ?

Öll börn fara alla jafna út einu sinni á dag, sum tvisvar. Útiveran er mislöng eftir veðurfari og aldri barnanna. Útiveran er meiri yfir sumartimann jafnt inna leikskólalóðar sem utan og meira er um skipulagðar vettvangsferðir. Útinám er



orðin stór þáttur í mörgum leikskólum þar sem farið er í skipulagðar „skógarferðir“ og útvistarsvæði Kópavogs markvisst notuð.

3. Hvernig er staðið að hreyfingu barnanna ?

Auk hreyfingar i útiveru eru skipulagðar hreyfistundir í öllum leikskólum. Í þeim leikskólum þar sem ekki er aðstaða fyrir slikar stundir hefur verið fengið inni í nærliggjandi íþróttá húsum grunnskólanna. Það á þó einkum við um eldri börn leikskólanna.

Með kveðju,

Sesselja Hauksdóttir
Leikskólafulltrúi